

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 – 1997

Nr. 297

576

14. maí 1997

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 104, 5. febrúar 1997, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýr viðauki er verði viðauki 2 og orðist svo:

Tegund skilju - Stundaglas

Lýsing:

Skiljan er nethólkur, sem er mjórri í miðjunni en til endanna, og er í fremri hluta hans komið fyrir tveimur trapisulöguðum grindaeiningum, sem hvor um sig er samsett úr fjórum grindum. Skammhliðar grindaeininganna snúa saman og á milli þeirra er net eða gúmmímotta. Grindurnar, sem eru úr ryðfríu stáli, eru lásaðar saman þannig að rimlarnir liggi samsíða belg vörpunnar og er sett á þær flot til mótvægis við þyngd þeirra. Möskvastærð nets í skiljuhólki er 135 mm að innanmáli.

Skiljunni er komið fyrir í vörpunni milli belgs og poka og framan við hana skal vera hólkur, skorinn á síðum, með sama ummál og framanverður skiljuhólkurinn.

Stærð grinda í hvorri grindaeiningu skal vera:

Fremsta grind:	0,82-0,71 x 0,50 m
Fremri miðgrind:	0,70-0,59 x 0,50 m
Aftari miðgrind:	0,58-0,47 x 0,50 m
Aftasta grind:	0,46-0,35 x 0,50 m

Bil á milli rimla í grindunum skal vera a.m.k. 60 mm og á milli eininganna er net eða gúmmímotta sem er 2,12 m að lengd.

Um tvær stærðir af nethólkum er að ræða sem grindaeiningunum er komið fyrir í.

Stærri gerð:

Ummál skiljuhólks er; að framanverðu 122 möskvar, í miðju 62 möskvar og að aftanverðu 122 möskvar. Lengd skiljuhólks er 7,15 m eða 45,5 síður.

Skornir eru gearar úr 45,5 síðna netbyrði þannig að byrðið mjókkar með skurði 1S-4L inn að miðju um 15 möskva hvoru megin og eykst síðan um sama möskvafjölda frá miðju að hinum enda byrðisins. Þetta á bæði við um yfir- og undirbyrði nema framanvert undirbyrði er einum möskva styttra en yfirbyrðið á móti. Byrðin eru fest saman á jöðrunum og eru geararnir festir við til stýringar og styrktar.

Í efra byrði hólksins, 6,5 síðum frá framenda, er skorið op, sem er 42 möskvar að framanverðu, 13,5 síður aftur að miðju og 20 möskvar að aftanverðu, þ.e. 2,5 síðum framan við miðju hólksins. Í þessu opi er grindaeiningunum komið fyrir. Hólkur framan við skiljuna skal vera 8 m langur.

Minni gerð:

Ummál skiljuhólks er; að framanverðu 102 möskvar, í miðju 62 möskvar og að aftanverðu 102 möskvar. Lengd skiljuhólks er 6,36 m eða 40,5 síður.

Skornir eru geirar úr 40,5 síðna netbyrði þannig að byrðið mjókkar með skurði 1S-2L inn að miðju um 10 möskva hvoru megin og eykst síðan um sama möskvafjölda frá miðju að hinum enda byrðisins. Þetta á við um bæði yfir- og undirbyrði nema framanvert undirbyrði er einum möskva styttra en yfirbyrðið á móti. Byrðin eru fest saman á jöðrunum og eru geirarnir festir við til stýringar og styrktar.

Í efra byrði hólksins, 3 síðum frá framenda, er skorið op, sem er 38 möskvar að framanverðu, 13,5 síður aftur að miðju og 16 möskvar að aftanverðu, þ.e. 3,5 síðum framan við miðju hólksins. Í þessu opi er grindaeiningunum komið fyrir.

Hólkur framan við skiljuna skal vera 6 m langur.

2. gr.

Viðauki þessi er settur samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. maí 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Frá og með 15. júní 1997 eru allar veiðar með fiskivörpu og dragnót bannaðar á svæði fyrir Suðausturlandi, sem markast af línu, sem dregin er 12 sjómíllur réttvísandi austur frá Hvítungum. Þaðan vestur um að 14°26,60'V markast svæðið af línu tólf sjómíllur utan við viðmiðunarlínu og síðan af línu, sem dregin er um eftirgreinda punkta:

- | | |
|-----------------------------|--------------------------------|
| 1. 64°09,40'N - 14°26,60'V | 13. 63°23,40'N - 16°16,60'V |
| 2. 63°50,30'N - 14°07,80'V | 14. 63°21,80'N - 16°33,70'V |
| 3. 63°48,00'N - 14°07,20'V | 15. 63°21,40'N - 16°56,00'V |
| 4. 63°39,60'N - 14°36,30'V | 16. 63°18,70'N - 16°59,70'V |
| 5. 63°41,10'N - 14°38,20'V | 17. 63°16,80'N - 17°10,60'V |
| 6. 63°43,50'N - 14°42,40'V | 18. 63°15,00'N - 17°25,30'V |
| 7. 63°36,30'N - 14°52,40'V | 19. 63°14,50'N - 17°44,20'V |
| 8. 63°31,50'N - 15°21,70'V | 20. 63°12,70'N - 17°55,00'V |
| 9. 63°33,80'N - 15°26,30'V | 21. 63°11,90'N - 18°04,90'V |
| 10. 63°30,90'N - 15°40,80'V | 22. 63°12,80'N - 18°13,10'V |
| 11. 63°29,10'N - 15°41,30'V | 23. 63°13,35'N - 18°30,00'V |
| 12. 63°23,60'N - 16°10,00'V | og þaðan í réttvísandi norður. |